

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2023
UST202301-086/A.Þ.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsáætlun - efnisvinnsla í sjó við Landeyjahöfn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 5. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

HeidelbergCement Pozzolan Materials ehf. (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) áformar efnistöku undan strönd Landeyjar- og Eyjafjallssands í Rangárþingi eystra.

Fyrirhugað er að vinna um 60-75 milljónir m³ af efni á efnistökusvæðinu á 30 árum en miðað er við að árleg efnistaka sé um 2 milljónir m³. Ætlunin er að nota efnið sem íauka í sement í stað hluta (t.d. 20%) sementsgjalls. Sementsgjall er sá hluti steypunnar sem veldur mestri losun gróðurhúsalofttegunda og má telja að losun vegna sementsnotkunar sé um 8% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

Stefnt er að því að stunda yfirborðsdælingu þar sem dælurör er dregið eftir hafsbotni og efsta lagi hans flett ofan af efni sem dýpra liggur. Gert er ráð fyrir efni verði landað 8-10 sinnum í viku í Þorlákshöfn.

Mat á umhverfisáhrifum

Fram kemur að í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verði gerð grein fyrir áhrifum hennar á eftirfarandi umhverfisþætti: lífríki sjávar, strauma og setflutning, jarðfræði, landnotkun og loftslag.

Þeir framkvæmdaðættir sem valdið geta áhrifum á ofangreinda umhverfisþætti eru efnistaka, efnisflutningar og dæling efnis á land.

Umhverfisstofnun telur matsáætlunina vel unna og skýrt framsetta og að fyrirhugað sé að meta það sem mestu máli skiptir varðandi þessa framkvæmd.

Umhverfisáhrif

Efnistakan er utan netlaga (115 m út frá stórstraumsfjöruborði). Svæðið einkennist af sandströnd, þykkum setlögum og haf- og öldustraumum.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að fjalla eigi um setflutning Markarfljóts og endurnýjun efnis og það sett í samhengi við jafnvægi og sjálfbærni. Stofnunin telur að gera þurfi grein fyrir grunnástandi (því magni sem er til staðar og er hægt að taka) og að skoða þurfi setbúskapinn, þ.e. hvernig staðan verður eftir einhvern tíma, t.a.m. 30 eða 50 ár, en magn efnisins sem ætlunin er að taka er meiri en framburður Markarfljóts. Stofnunin bendir

einnig á að gera þarf ráð fyrir sjávarborðshækkun þegar um er að ræða framkvæmdir til langs tíma. Að auki er æskilegt að metin sé hætta á landbroti en efnistaka á hafsbotni getur valdið landbroti eins og hefur sýnt sig t.a.m. í Danmörku. Þá telur stofnunin að skoða ætti hvort möguleiki sé á að mannvirkjum, t.a.m. grjótgörðum og hafnarmannvirkjum, stafi hætta af efnistöku.

Umhverfisstofnun bendir á að vert er að skoða hvort efnistakan geti farið fram að hluta til að dýpka Landeyjahöfn.

Stofnunin telur jákvætt ef þessi framkvæmd veldur því að fallið verði frá vikurflutningi á landi.

Umhverfisstofnun vekur athygli á þeim möguleika að forsendur hafi breyst vegna breyttra aðstæðna og átaka í heiminum. Enn er framboð á ösku og verður líklega áfram um einhvern tíma. Huga ætti að því við gerð umhverfismatskýrslu.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur